



Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið  
Málefnavnið: Samgöngu- og fjarskiptamál  
Sölvhólsgötu 7  
101 Reykjavík

Dalvík 16. ágúst 2019  
201908012

Efni: Umsögn frá byggðaráði Dalvíkurbyggðar um drög að Grænbók, stefnu stjórnvalda í málefnum flugrekstrar og flugtengdrar starfsemi á Íslandi.

Á 914. fundi byggðaráðs Dalvíkurbyggðar þann 15. ágúst 2019 var til umræðu drög að Grænbók um stefnu stjórnvalda í málefnum flugrekstrar og flugtengdrar starfsemi á Íslandi sem nú er til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Í samráðsgátt kemur fram að markmið með gerð flugstefnu er að skapa umhverfi sem viðheldur grunni fyrir flugrekstur og flugtengda starfsemi á Íslandi, hvort sem er núverandi eða nýja starfsemi, styður vöxt hennar að því marki sem það er þjóðhagslega hagkvæmt og eykur atvinnusköpun.

Eftir hraðlestur gerir byggðaráð athugasemdir við kafla 1.3.3 Uppbygging flugvalla. Þar segir að áhersla verði í uppbyggingu varaflugvalla fremur en byggja upp fleiri alþjóðaflugvelli en í Keflavík. Hefja eigi uppbyggingu á Egilsstaðaflugvelli vegna lægsta kostnaðar og stysta tíma sem þarf til. Einnig kemur fram í lið 1.3.10 að Egilsstaðaflugvöllur verði í forgangi.

Athugasemdir byggðaráðs snúa að því að ekkert sé eðlilegt við það að Egilsstaðaflugvöllur sé í sérstökum forgangi umfram Akureyrarflugvöll. Fram hefur komið að horfa eigi til þjóðhagslegrar hagkvæmni og aukningu atvinnusköpunar og því hlýtur að þurfa að horfa líka til þess hvar fólkfjöldinn er mestur utan höfuðborgarsvæðisins og að lágmarki að gera þessum tveimur kostum jafn hátt undir höfði.

Einnig gerir byggðaráð athugasemd við að ekki sé gert ráð fyrir fleiri en einni millilandagátt inn í landið og þá eingöngu gegnum Keflavíkurflugvöll. Þessi stefna gengur þvert á orðalag í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem sagt er að huga þurfi að möguleikum til að opna fleiri hlið inn til landsins. Væntanlega á flugstefnan að vera mörkuð til lengri tíma og því veldur þessi framsetning verulegum vonbrigðum og er neikvæð bæði í atvinnulegu og byggðasjónarlegu tilliti.

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar gerir athugasemd við stuttan frest í samráðsgátt, á sumarleyfistíma, til að skila umsögn vegna Grænbókar um stefnu stjórnvalda í málefnum flugrekstrar og flugtengdrar starfsemi á Íslandi.

F.h. byggðaráðs Dalvíkurbyggðar  
  
Katrín Sigurjónsdóttir,  
sveitarstjóri